



45. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 12. júní, 2003, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Valdimar Guðmannsson, formaður bæjarráðs, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Erindi frá formanni sóknarnefndar Blönduósskirkju (frestað á síðasta fundi bæjarráðs).
3. Drög að jafnréttisáætlun Blönduóssbæjar.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.

- a. *Rætt um næstu skref stefnuáætlunar og þau verkefni sem í gangi eru. Ákveðið að fara markvisst í áætlun á næsta fundi bæjarráðs.*

2. Erindi frá formanni sóknarnefndar Blönduósskirkju.

a. Kirkjuvarsla

Bæjarráð samþykkir að veita 140.000,- króna styrk til sóknarnefndar Blönduósskirkju vegna sumaropnunar kirkjunnar.

b. Niðurfelling fasteignagjalda

Bæjarstjóra falið að ræða við formann sóknarnefndar og gjaldkera um hækkun á fasteignagjöldum sem átt hefur sér stað á milli áranna 2001 og 2002.

c. Fegrun umhverfis við nýju og gömlu kirkju.

Ætlunin er að fara í umhverfisátak við gömlu kirkju, fjarlægja grindverk, útbúa göngustíg í kringum kirkjuna ofl. Jafnframt er áætlað að planta við nýju kirkju.

Bæjarráð samþykkir að taka þátt í að aðstoða við umhverfisátak við gömlu og nýju kirkju.

3. Drög að jafnréttisáætlun Blönduóssbæjar.

Bæjarráð samþykkir jafnréttisáætlunina.



4. Önnur mál.

a. Glaðheimatorfæra Blönduósi.

Fram lagt erindi frá Garðari Hauki Gunnarssyni, keppnisstjóra Blönduósstorfæru, þar sem sótt er um leyfi landeiganda fyrir torfærukeppni í Kleifarhornsgrús, nk. laugardag 14. júní. Bæjarráð samþykkir að keppnin verði haldin en beinir þeim tilmælum til keppnisstjóra að erindið um leyfi berist fyrr til landeiganda.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 18:00.

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)